



6. október 2021

Starfsreglur um ytri upplýsingamiðlun Seðlabanka Íslands

Starfsreglur um upplýsingamiðlun Seðlabanka Íslands eru leiðarvísir fyrir stjórnendur og starfsfólk bankans um ytri upplýsingamiðlun og taka mið af lögum um bankann nr. 92/2019.

Tilgangur upplýsingamiðlunar bankans er að upplýsa og fræða almenning, stofnanir og fyrirtæki um þætti sem lúta að verksviði og starfsemi bankans svo sem um framvindu efnahagsmála, fjármálastöðugleika, fjármálaeftirlit og fjármálakerfið og aðgerðir bankans í þeim málaflokkum sem honum er falin ábyrgð á. Gæta skal þess að útgefnu efni, upplýsingum og umsögnum bankans, sé miðlað á greinargóðan, faglegan, og gagnsæjan hátt. Við alla upplýsingagjöf skal tekið tillit til þagnarskylduákvæðis laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands.

1. gr. Almenn upplýsingamiðlun

1.1. Seðlabankastjóri er aðaltalsmaður bankans um stefnu og starfsemi hans. Varaseðlabankastjórar eru einnig talsmenn bankans hver á sínu fagsviði eftir því sem við á. Samráð seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra er mikilvægt til þess að tryggja skýra og samhljóða miðlun upplýsinga af hálfu yfirstjórnar bankans. Að öðru leyti gilda starfsreglur þær sem hér fara á eftir um upplýsingamiðlun bankans.

1.2. Fyrirspurnir og viðtalsbeiðnir fjölmiðla auk beiðna um kynningar skulu skráðar í skjalakerfi bankans og vísað til ritstjóra á skrifstofu bankastjóra sem metur hvernig brugðist skuli við, og vísar á seðlabankastjóra, viðeigandi varaseðlabankastjóra, framkvæmdastjóra eða sérfræðing, eða safnar saman og veitir umbeðnar upplýsingar eftir því sem við á.

1.3. Framkvæmdastjórum sviða er heimilt að tjá sig við fjölmiðla um þau málefni sem undir svið þeirra heyrir og að taka þátt í umræðum um þau í fjölmiðlum. Seðlabankastjóri, viðkomandi varaseðlabankastjóri og ritstjóri bankans skulu upplýst um slík tilvik.

1.4. Aðrir skulu ekki tjá sig opinberlega um málefni Seðlabanka Íslands, svo sem um ýmsar ákvarðanir og stefnu á vegum bankans, nema í samráði við yfirmann sinn og ritstjóra bankans. Starfsmenn Seðlabanka Íslands skulu svara greiðlega fyrirspurnum almennings sem hægt er að bregðast við með því að vísa í opinberar upplýsingar, svo sem

um gengi gjaldmiðla, vexti, peningastærðir eða ákvæði reglna, tilmæla eða leiðbeininga sem Seðlabankinn hefur sett eða gefið út.

2. gr. Ákvarðanir lögskipaðra nefnda Seðlabankans

2.1. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 92/2019 eru tilteknar ákvarðanir um beitingu stjórnþækja og valdheimilda Seðlabankans teknar af peningastefnunefnd, Fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd, þó þannig að síðast talda nefndin getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar.

2.2. Seðlabankinn gefur út fréttir/tilkynningar um ákvarðanir nefndanna.

Seðlabankastjóri er aðaltalsmaður bankans og ábyrgur m.a. fyrir kynningum ákvarðana nefndanna á fréttamannafundum eða á öðrum viðeigandi vettvangi.

Varaseðlabankastjórar eru einnig talsmenn bankans á sviðum sínum eftir því sem við á. Í samráði við seðlabankastjóra taka þeir eftir atvikum þátt í kynningum á ákvörðunum viðeigandi nefnda auk þess að tjá sig um þær á opinberum vettvangi. Samráð seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra í þessum efnum er mikilvægt til þess að tryggja skýra og samhljóða miðlun upplýsinga um ákvarðanir hinna lögskipuðu nefnda bankans um beitingu stjórnþækja og valdheimilda hans. Í starfsreglum nefndanna eru leiðbeiningar til nefndarmanna um hvernig og hvenær þeir mega tjá sig um málefni sem varða störf nefndanna sem þeir sitja í.

2.3. Ákvarðanir sem varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits tekur á grundvelli framsals fjármálaeftirlitsnefndar skulu kynntar með viðeigandi hætti og í samráði við seðlabankastjóra. Það fer eftir eðli ákvörðunar hvort um hana er gefin út opinber frétt. Í þeim tilvikum getur varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits að höfðu samráði við seðlabankastjóra og í samræmi við stefnu fjármálaeftirlits Seðlabankans um opinbera birtingu á niðurstöðum, kynnt ákvörðunina og/eða skýrt fyrir fjölmiðlum og öðrum

3. gr. Miðlun upplýsinga til eftirlitsskyldra aðila

3.1. Gagnvart fyrirtækjum og aðilum sem Seðlabankinn hefur eftirlit með samkvæmt lögum skal gæta að eftirfarandi:

- Að birta efni á vef bankans til upplýsingar og skýringar á útfærslu lög-gjafar sem varðar eftirlitsskylda aðila.
- Að birta á vef bankans viðmið um hvað teljist heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, s.s. reglur, leiðbeinandi tilmæli, túlkanir og eftir atvikum dreifibréf.
- Að senda til hagsmunaaðila þegar við á og birta á vef bankans umræðu-skjöl til undirbúnings setningu reglna og leiðbeinandi tilmæla.

- Að birta á vef bankans ákvarðanir og niðurstöður í málum og athugunum í samræmi við stefnu fjármálaeftirlits Seðlabankans um opinbera birtingu á niðurstöðum.

4. gr. Útgáfa rita og fréttu o.fl.

4.1. Í samræmi í samræmi við ákvæði laga gefur Seðlabankinn út í reglulegum ritum sínum margvíslegar upplýsingar um þróun efnahags- og peningamála, fjármálastöðugleika, fjármálainnviði fjármálaeftirlit, talnagögn og ýmsar upplýsingar. Fréttir og útgefið efni skal birt á heimasíðu bankans, auk þess sem þar eru birtar ýmsar upplýsingar er tengjast starfsemi bankans og eiga erindi við almenning, stofnanir og fyrirtæki. Seðlabankinn birtir jafnframt upplýsingar og fróðleik um starfsemi og viðfangsefni bankans á samfélagsmiðlum eftir því sem við á.

4.2. Leitast skal við að texti og annað efni sem Seðlabankinn gefur út sé vandað og aðgengilegt eftir því sem kostur er.

4.3. Þegar tilefni er til gefur bankinn út fréttir um ákvarðanir sínar, aðrar en þær sem fjallað er um í kafla II, eða til þess að koma á framfæri tilkynningum eða upplýsingum sem bankinn telur mikilvægar.

5. gr. Fræðsla, erindi, fræðilegar greinargerðir og ritgerðir

5.1. Með kynningum og flutningi erinda fyrir ytri aðila leitast bankinn við að miðla fræðslu og upplýsingum um stefnu sína og starfsemi.

5.2. Starfsmenn sem birta fræðilegar eða faglegar greinar og ritgerðir í fjölmiðlum eða sérritum, flytja erindi og halda kynningar um málefni nátengd daglegu starfi sínu skulu gera yfirmanni sínum og ritstjóra á skrifstofu bankastjóra viðvart um áform sín í þeim efnum. Seðlabankastjóri skal upplýstur sem og varaseðlabankastjóri á því sviði sem efnið tengist. Starfsmönnum er heimilt að geta starfs síns í Seðlabankanum í þessu sambandi að höfðu samráði við yfirmann sinn og eftir atvikum að geta þess að skoðanir þeirra þurfi ekki að endurspegla afstöðu Seðlabanka Íslands.

Starfsreglur þessar gilda frá undirritunardegi. Þær skulu kynntar starfsmönnum bankans. Jafnframt falla þá úr gildi starfsreglur um upplýsingamiðlun frá 21. janúar 2003.